

Úttekt og tillögur til úrbóta

Dagsetning:	16. október 2015
Til:	Bæjarritara og sviðsstjóra fjölskyldusviðs Garðabæjar
Frá:	Arnari Jónssyni, ráðgjafa hjá Capacent
Viðfangsefni:	Úttekt á stjórnun og skipulagi á sviði þjónustu við eldri borgara og heimaþjónustu. Tillögur til úrbóta

1: Aðdragandi

Á fundi ráðgjafa með Guðjóni E. Friðrikssyni bæjarritara og Bergljótu Sigurbjörnsdóttur, sviðsstjóra fjölskyldusviðs Garðabæjar, þann 20. apríl sl. var Capacent falið að vinna úttekt á stjórnun og skipulagi á þjónustu við eldri borgara og heimaþjónustu í Garðabæ.

Markmið verkefnis ráðgjafa var að kanna hvort að unnt væri að:

- samþætta þjónustu við eldri bæjarbúa í Jónshúsi og Ísafold,
- styrkja stjórnun og yfirsýn í þjónustu við eldri borgara og
- tryggja samhæfingu eða samþættingu þar sem verkefni skarast við almenna félagslega heimaþjónustu, þjónustu við fatlaða og almenna félagslega ráðgjöf.

Verkefnið var kynnt þeim starfsmönnum sem tekin voru viðtöl við en rætt var við eftirtalda aðila í maí og júní: Bergljótu Sigurbjörnsdóttur, Ingibjörgu Valgeirsdóttur, Herdísí Hjörleifsdóttur og Jónínu Gestsdóttur. Hluti hópsins hitti ráðgjafa tvisvar sinnum. Auk þess fór fram vettvangsskoðun þar sem aðstaðan bæði á Ísafold og Jónshúsi var skoðuð til þess að ráðgjafi gæti áttað sig betur á starfsemi. Að viðtölum loknum átti ráðgjafi vinnufund með bæjarritara og sviðsstjóra fjölskyldusviðs þar sem hann lagði fram til kynningar drög að nýju skipuriti fjölskyldusviðs. Að lokinni umræðu var ráðgjafa falið að taka saman í minnisblaði tillögur sínar eins og þær birtust í þeim drögum að nýju skipuriti fjölskyldusviðs Garðabæjar sem lögð voru fram á vinnufundinum.

2: Lýsing á starfsemi Ísafoldar, deild heimaþjónustu og Jónshúss

Starfsemi Ísafoldar, Jónshúss og heimaþjónustu heyra undir sviðsstjóra fjölskyldusviðs.

Hjúkrunarheimilið Ísafold tók til starfa árið 2012 og þar fer fram starfsemi á sex deildum. Starfsemin á sér stað á grunni samnings við velferðarráðuneytið um byggingu hússins en ekki hefur verið undirritaður rekstrar- og þjónustusamningur þar sem ágreiningur er um greiðslur ríkisins til

starfseminnar. Samkvæmt nýlegri úttekt Landlæknisembættisins er starfsemin til mikillar fyrirmyndar og uppfyllir í öllum meginatriðum þær kröfur sem velferðarráðuneytið gerir í kröfulýsingu vegna framkvæmdar þjónustunnar. Hins vegar er ljóst að fjárveitingar frá ríkinu til rekstrarins eru ekki til samræmis við þá kröfulýsingu sem stjórnvöld hafa sett fram.

Þjónustumiðstöð Ísafoldar er á fyrstu hæð hússins, þar er dagdvöl, sjúkraþjálfun, iðjuþjálfun, fóttaaðgerðastofa, hárgreiðslustofa og aðstaða til félagsstarfs. Þá er rekið bakarí á fyrstu hæð sem heimilisfólk nýtir sér eins og aðrir íbúar Sjálandshverfis.

Deild heimaþjónustu er staðsett í þjónustumiðstöð Ísafoldar og þar starfa tveir starfsmenn, félagsráðgjafi sem er deildarstjóri og félagsliði. Jafnframt er þar aðstaða fyrir aðra starfsmenn Garðabæjar sem sinna þjónustu á heimilum þjónustuþega. Meginverkefni stafsmanna í þjónustumiðstöð er að meta þjónustuþörf, skipuleggja og útfæra þjónustuna. Heimaþjónustu er veitt eldri borgurum, fötluðum og þeim sem þurfa þjónustu vegna skerðingar eða erfiðra aðstæðna. Framkvæmd heimaþjónustu er bæði á vegum sveitarfélagsins og einnig á grundvelli samninga við einkaaðila.

Sívaðandi þáttur í heimaþjónustu er þjónusta við fatlað fólk, oft á tíðum mjög flókin þjónusta sem krefst sérþekkingar.

Í **Jónshúsi** fer fram hefðbundin starfsemi á sviði félags- og tómstundastarfs eldri borgara. Auk þess fer starfsemin fram Kirkjuhvoli, safnaðarheimili Vídalínskirkju og íþróttamannvirkjum bæjarins.

Félag eldri borgara í Garðabæ hefur aðstöðu í Jónshúsi og eru þau tengsl jákvæð og styrkja starfsemina. Í viðtölum við ráðgjafa kom fram að lítið væri um að gestir Jónshúss sæki viðburði á vegum Ísafoldar og öfugt en að til staðar væru möguleikar á samstarfi um skipulagningu félagsstarfs, viðburða s.s. tónlistaratriða, upplesturs, guðsþjónustu.

Félagsstarf eldri borgara á Álftanesi fer fram í Litlakoti og þar er starfsmaður í 0,5 stöðugildi. Félag eldri borgara á Álftanesi annast reksturinn en fær styrk frá bænum. Huga má að frekari samþættingu starfseminnar á Álftanesi við annað starf bæjarins á sviði þjónustu við eldri borgarar en sérstök greining á tækifærum á því sviði er ekki hluti þessarar úttektar.

3: Niðurstaða og tillögur

Meginniðurstaða greiningar ráðgjafa er að efla megi starfsemina á sviði þjónustu við eldri borgara með því að sameina þjónustu Jónshúss, Ísafoldar (hjúkrunarheimili og þjónustumiðstöð) og

félagslegra heimaþjónustu undir einni stjórnanda sem heyrir undir félagsmálastjóra. Með því fæst betri yfirsýn yfir starfseminna og skapast möguleikar á samþættingu og þróun þjónustunnar.

Hér að neðan eru gerðar tillögur til úrbóta eða breytinga sem varða starfsemi innan fjölskyldusviðs á sviði þjónustu við eldri borgara og heimaþjónustu. Tillögunar byggja á þeim ábendingum sem komu fram í viðtölum við starfsmenn og samtölum við stjórnendur í ráðhúsi Garðabæjar.

- Lagt er til að komið verði á fót starfseiningu innan fjölskyldusviðs sem taki að sér að þróa og útfæra þjónustu bæjarins við eldri borgara og þá sem þurfa á heimaþjónustu að halda.**

Nú stendur yfir vinna við mótun stefnu á sviði þjónustu við eldri borgara. Lagt er til að niðurstaða þeirrar vinnu verði hluti af þeirri leiðbeiningu sem stjórnandi einingarinnar nýti við þá umbótavinnu og samþættingu þjónustu sem unnið verði að.

Rökstuðningur og þættir í útfærslu:

Þegar unnið var að stofnsetningu Ísafoldar voru uppi hugmyndir um samstarf og samþættingu á starfsemi Ísafoldar og starfseminnar í Jónshúsi en tími stjórnanda Ísafoldar fór í upphafi álfarið í mótun á starfsemi Ísafoldar og hagnýtum úrlausnarefnum tengdum stofnsetningunni. Nú eru flest verkefni á vegum Ísafoldar komin í reglubundinn rekstur eða við það að komast á þann stað.

Sú hugmyndafræði sem unnið er eftir á Ísafold er spennandi og hugmyndir stjórnanda um þátttöku notenda og aðstandenda við mótun og útfærslu þjónustunnar eru framsæknar og áhugaverðar.

Æskilegt er að sama eða sambærileg aðferð verði nýtt við að samþætta starfsemi Ísafoldar við önnur svið þjónustu við eldri borgara á vegum Garðabæjar hvort sem um er að ræða félags- og íþróttastarf eða heimaþjónustu.

Á það var bent í vinnu ráðgjafa að æskilegt væri að byggja þróun málaflokksins á heildstæðri stefnu sem unnt væri að nýta sem stuðningstæki við að móta þjónustu við eldri borgara. Því er lagt til að sú stefnumótunarvinna sem nú stendur yfir í málefnum eldri borgara í Garðabæ verði hluti af útfærslu þessara breytinga.

Varðandi samspil Jónshúss og Ísafoldar kom fram í viðtölum ráðgjafa að samgangur einstaklinga milli þessara húsa er ekki mikill og vegalengdin milli húsanna er meiri í hugum manna en sem nemur mettrafjöldi. Eðli málsins samkvæmt er Ísafold heimili en Jónshús félagsmiðstöð og það hefur áhrif án tillits til aldurs íbúa. Mikilvægt er að bera virðingu fyrir þessum mun og vinna að samþættingunni í sátt við þá sem nýta sér þjónustuna.

Ráðgjafi telur að það gæti orðið til að styrkja starfsemi í þjónustumiðstöð Ísafoldar og heimupþjónustu að hafa móttöku í anddyri hússins sem nýttist einnig starfsemi hjúkrunarheimilisins.

Á Ísafold starfar umsjónarmaður fasteignar sem mögulega gæti einnig haft umsjón með Jónshúsi og komið að undirbúningi einstakra atburðar.

- Lagt er til að forstöðumaður Ísafoldar verði stjórnandi hinnar nýju starfseiningar um málefni eldri borgara og heimaþjónustu. Undir eininguna heyri hjúkrunarheimilið og þjónustumiðstöðin í Ísafold, félagsleg heimaþjónusta og starfsemi Jónshúss og annað félags- og íþróttastarf eldri borgara.**

Rökstuðningur og þættir í útfærslu:

Eins og fram kemur í stöðumatinu eru til staðar tækifæri til að samþætta starfsemina og í viðtölum ráðgjafa kom fram áhugi meðal starfsmanna á framtíðarfyrirkomulagi sem lækka myndi múra milli starfseininganna þriggja. Með þeim hætti væri hægt að auka samfellu í þjónustunni og tryggja skýrari heildarsýn á málaflokkinn.

Gera má ráð fyrir því að þau störf sem falla undir hina nýju starfseiningu verði skilgreind að nýju miðað við þarfir notenda þjónustunnar. Í starfslýsingum verði ábyrgðarsvið einstakra starfsmanna skilgreint og meginverkefnum þeirra lýst. Gera má ráð fyrir því að allir starfsmenn hafi frekar vítt starfssvið en aukin áhersla verði lögð á að hópurnir sem sinnir verkefnum í málaflokknum starfi sem eitt teymi og gangi sameiginlega til verka þvert á skipingu í hús.

Lagt er til að við endurskipulagningu starfa samkvæmt núverandi stöðuheimildum verði 0,5 stöðugildi nýtt til að ráða þroskaþjálfara sem verði falið að vinna að heimaþjónustu við fatlað fólk. Við það skapast möguleiki á samþættingu sem felur í sér að félagslegri liðveislu og frekari liðveislu verði sinnt á vegum heimaþjónustu.

Á móti þessari aðgerð komi forstöðumaður Ísafoldar í auknum mæli að stjórnun, skipulagningu og þróun starfsins í Jónshúsi.

- Lagt er til að til að neðangreindar breytingar verði gerðar á skipuriti fjölskyldusviðs sem birtar eru í mynd 1.**

Rökstuðningur

Með þessari breytingu verður forstöðumaður Ísafoldar næsti yfirmaður tveggja deildarstjóra sem áður heyrðu beint undir sviðsstjóra fjölskyldusviðs. Samhliða þessari vinnu voru önnur verkefni sviðsins teiknuð upp á nýtt og miðlæg þjónusta innan sviðs táknuð þvert á skipingu í starfseiningar.

Mynd 1: Tillaga að breyttu stjórnskipuriti fjölskyldusviðs Garðabæjar:

